

Nr. 096 / 10 Hvalur 9 RE 399***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 0997
Smíðaður: Langesund Noregi 1952, stál
Stærð: 611 brl. 573 bt.
Mesta lengd: 51,15 m Skráð lengd: 46,88 m
Breidd: 9,06 m Dýpt: 5,65 m
Vél: Gufuvél 1398 kW, 1952
Fjöldi skipverja: 14

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS



Hvalur 9©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 18. febrúar 2011 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Hilmar Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 7. júlí 2010 var Hvalur 9 RE 399 að koma í höfn í Hvalfirði. Veður: A 5-10 m/s og 19 m/s í hviðum (*samkv. veðurstöð: Þyrill*).

Skipverjar voru að vinna við landfestar þegar sterk vindhviða tók skipið með þeim afleiðingum að landfestartóg (nylon) slitnaði og slóst í fót eins þeirra. Hann var fluttur á sjúkrahús og reyndist fótbrottinn.

Við rannsókn kom fram:

- að verið var að hífa skipið að bryggju að framan þegar landfestartógið sem híft var í slitnaði í klussi (*Myndin sýnir vettvang*). Fram kom hjá skipstjóra og stýrimanni, sem var fram á skipinu, að vindhviða allt að 25 m/s hafi orsakað atvikið;
- að skipið var komið á pláss og bundið að öðru leyti þegar þetta gerðist;
- að tógið sem slitnaði var 30 mm svert með slitpol upp á 17,2 tonn og hafði verið tekið í notkun haustið 2009. Ástand þess var gott að sögn skipstjóra og hafði verið geymt við góðar aðstæður yfir veturinn;
- að slasaði hafði að ósk



skipstjóra ný lokið við að setja upp annan framenda í gegnum sama klussið og verið var að hífa í gegnum. Hann hefði því verið nálægt klussinu þegar tógið slitnaði. Hann kvaðst hafa haft efasemdir um þessi fyrirmæli miðað við aðstæður. Til að framkvæma þetta þurfti hann að fara með aðra hendina í gegnum klussið og sveifla tóginu upp í hina hendina.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.